

**Nd.**

### **443. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 11 1. febrúar 1936, um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Flm.: Emil Jónsson.

1. gr.

Orðin „að því er snertir 1.--3. tölulið 1. gr.“ í 4. gr. laga nr. 11 1. febrúar 1936 falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### **Greinargerð.**

Þegar lög nr. 11 1. febrúar 1936, um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar, voru sett, var frestað að innlima Krísuvíkur- og Stóra-Nýjabæjarland í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, meðal annars vegna þess, að þá var enginn vegur að þessu landsvæði og engar framkvæmdir hafnar.

Nú er landið komið í vegarsamband, hefur allt verið girt og undirbúningur hafinn undir ýmiss konar framkvæmdir þar í stórum stíl, svo sem orkuvinnslu og jarðrækt. Þykir því ekki mega lengur fresta að innlima land þetta í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, en hann er eigandi jarðarinnar og hefur með höndum allar framkvæmdir.

Land þetta er nú óbyggt með öllu, og er því ekki um neina tekjuskerðingu fyrir Grindavíkurhrepp að ræða, þó að landið verði innlimað í Hafnarfjarðarkaupstað.

Að öðru leyti vísast til bréfs bæjarstjórans í Hafnarfirði, dags. 20. febrúar 1946, sem er prentað hér með sem fylgiskjal.

### Fylgiskjal.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur einróma samþykkt að fela yður sem þingmanni Hafnarfjarðar að flytja nú þegar frumvarp til laga á Alþingi um, að jörðin Stóri-Nýibær og sá hluti jarðarinnar Krisuvíkur, sem nú eru eign Hafnarfjarðarkaupstaðar, verði lögð undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar og kaupstaðarsvæðið stækkað sem því nemur.

Með lögnum nr. 11 frá 1936 var ríkisstjórninni heimilað að taka eignarnámi landsvæði og afnotarétt nokkurra tilgreindra svæða og leggja undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Meðal annars var heimilað eignarnám á jörðunum Krisuvík og Stóra-Nýjabæ í Grindavíkurhreppi. En afhending þeirra til Hafnarfjarðarkaupstaðar skyldi þó ekki leiða til stækkunar lögsagnarumdæmisins.

Eignarnám á jörðum þessum hefur nú farið fram samkv. ákvæðum ofangreindra laga, og hafa þar verið seldar og afhentar Hafnarfjarðarkaupstað eins og þar greinir, sbr. og lög nr. 101 frá 1940.

Hafnarfjarðarbær hefur nú hafizt handa um margs konar hagnýtingu þessa landsvæðis. Á síðast liðnu sumri var landið að mestu girt, og nú í haust og vetur hefur verið borað þar eftir heitu vatni og gufu. Með vorinu er svo til ætlazt, að byrjað verði á framræslu landsins með tilliti til væntanlegs meiri háttar búrekstrar. Þá mun og að því unnið að koma þar upp garðyrkjustöð, jarðborunum fram haldið og hafnar byggingar, sem nauðsynlegar eru í sambandi við allar þessar fyrirhuguðu framkvæmdir.

Af þessu má vera ljóst, að Hafnarfjarðarbær er þess brýn þörf og nauðsyn, að land þetta verði lagt undir lögsagnarumdæmi kaupstaðarins og það án tafar.

Það er og fjarri öllu lagi, að land, sem er eign Hafnarfjarðarkaupstaðar, hagnýtt af honum til stórfelldra framkvæmda og kynni að framleiða mikil og margháttuð verðmæti, tilheyri öðru lögsagnarumdæmi, þannig að annað sveitarfélag hefði heimild til að ákveða um framkvæmdir í Krisuvík, t. d. um gerð bygginga og fleira, og fá þar grundvöll til skattlagningar o. s. frv.

Þar sem slíkt ástand kynni að takmarka og spilla framkvæmdum á landinu og leiða til hinnar fráleitustu niðurstöðu um umráð þess og not, ber að koma í veg fyrir það nú þegar með því að leggja landsvæði þetta undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar og breyta því lögnum nr. 11 frá 1936 til samræmis við það.

Takmörk lands þess, sem hér um ræðir, eru:

Að vestan beina stefnu í norður úr Hælisvík í Borgarhól, þar sem hann er hæstur, úr Borgarhóli eftir Sveifluhálsi í vestustu vik Kleifarvatns að bera í yzta odda Hvammsholtstanga. Að norðan ræður Kleifarvatn í syðsta odda vikur þeirrar, er gengur úr vatninu vestan við Geithöfða, og að austan þaðan beina stefnu í réttvísandi suður til sjávar í Keflavík. Að sunnan ræður sjór.

Þess er því vænt, að þér flytjið frumvarpið til laga um stækkun á lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar um land það, sem að ofan greinir, og vinnið að því, að það verði afgreitt sem lög frá Alþingi því, sem nú situr.

Virðingarfyllst

Eiríkur Pálsson.

Herra Emil Jónsson alþm.